

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Hornafirði árið 2000.

1. gr.

Bæjarstjórn Hornafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) árið 2000, og skal gjaldið greitt með fasteignagjöldum.

Sorphreinsigjald að lágmarki kr. 7.200 skal innheimt af heimilum vegna hvers sorpláts og þeim fyrirtækjum sem notfæra sér slíka þjónustu, m.a. vegna eldhúsa og kaffistofa.

Sorpeyðingargjald að lágmarki kr. 3.500 skal innheimt af heimilum vegna hvers sorpláts og af fyrirtækjum fyrir móttöku og eyðingu úrgangs. Ennfremur er heimilt að innheimta slíkt gjald af sumarbústöðum.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og einnig þeir sem stunda búrekstur á lögbýlum.

2. gr.

Fjárhæð gjalda er sem hér greinir:

A) Íbúðir:

Einingargjald sorphirðu er kr. 7.200

Einingargjald sorpeyðingar er kr. 3.500

B) Fyrirtæki/lögbýli með umtalsverða ferðaþjónustu:

Bæjarráð raðar starfsstöðvum fyrirtækja í flokka að teknu tilliti til umfangs rekstrar og þess sorpmagns sem almennt má reikna með að til falli.

Sorpeyðingargjald getur á grundvelli þess verið lagt á skv. eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.
a)	14.000
b)	28.000
c)	35.000
d)	52.500
e)	70.000
f)	105.000

C) Lögbýli fyrst og fremst í búrekstri:

Sorpeyðingargjald er kr. 7.000.

D) Sumarbústaðir:

Sorpeyðingargjald er kr. 3.500.

3. gr.

Fyrirtæki geta farið fram á endurskoðun ákvörðunar um flokkun skv. B) lið 2. gr. Þá er bæjarstjórn einnig heimilt að endurákværða flokkun vegna nýrra fyrirtækja sem hefja rekstur á árinu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar með vísan til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykktar um sorphirðu á Hornafirði og gildir fyrir árið 2000.

Hornafirði, 28. janúar 2000.

Gaðar Jónsson bæjarstjóri.